

SIGRI LBJ FAGNAÐ UM ALLAN HEIM

Washington, 4. nóvember
(NTB - AFP)

ÞEKKT fólk, háttsettir stjórnmálamenn og stjórnmálaleiðtogar um allan heim sendu Johnson forseta hamingjuóskir í dag í til efni hins mikla sigurs hans í bandarísku forsetakosningunum og kváðu úrslitin sigur þeirra, sem óskuðu eftir friði.

Meðal þeirra stjórnmálaleiðtoga, sem óskuðu forsetanum til hamingju, voru forsætisráðherra Indlands, Lal Bahadur Shastri, Franco hershöfðingi, Harold Wilson forsætisráðherra Bretlands, Andrei Gromyko utanríkisráðherra Sovétríkjanna og austur-þýzki kommúnistaleiðtoginn Walter Ulbricht.

Í aðalstöðvum SP er sigur Johnsons talinn sýna, að mikill meirihluti bandarísku þjóðarinnar styðji utanríkisstefnu þá sem Bandaríkin hafa fylgt til þessa en þar gegni SP mikilvægu hlutverki.

Jens Otto Krag, forsætisráðherra Danmerkur, Tage Erlander forsætisráðherra Svíþjóðar, og Uhro Kekkonen forseti Finnlands hafa allir sent Johnson forseta hamingjuóskir.

Í blöðum og útvarpsstöðvum í austri og vestri hefur verið látin í ljós almenn ánægja með sigur Johnsons. Sovétska fréttastofan Tass sagði, að bandaríska þjóðin hefði valið og Goldwater og öfga-öfl þau, sem hann styddi, hefðu beðið gifurlegan ósigur. Stjórnmálgagnnið „Izvestia“ hét því, að Rússar mundu hafa samvinnu við Bandaríkjamenn um allt sem stuðlað gæti að betra ástandi í alþjóðamálum.

Með grein „Izvestia“ var teikn-

ing, sem sýndi verkamann rífa niður múr fyrir framan fil með anditssvip Goldwaters.

Í Brüssel hefur Efnahagsbanda-

Gáfu Bessastaða- kirkju Guðbrands- biblíu

Á ALDARAFMÆLI Erlends óðalsbónda Björnssonar á Breiðabólstað á Álfanesi, hinn 3. nóv. 1964, afhenti dr. ing. Jón E. Vestdal og kona hans, Bessastaðakirkju Guðbrandsbiblíu að gjöf Þetta eintak er kjörgripur, í góðu standi, fögru bandi og með silfurspennum.

Tóku forseti Íslands og prófast urinn á móti gjöfinni með þakk-læti og virðingarorðum um Erlend óðalsbónda.

Auk gefenda voru önnur börn Erlends viðstödd kirkjuathöfnina, og að henni lokinni var gengið til stofu á Bessastöðum.

lagið látið í ljós ánægju sína með úrslit kosninganna. Varaformaður EBE-nefndarinnar, Mansholt, sagði að sigur Johnsons væri mikilvægur fyrir Evrópu. Sigur fyrir Goldwater hefði haft hörmulegar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Hann kvaðst ánægður með ótvíræðan dóm bandarísku þjóðarinnar, sem sýnt hefði heilbrigða skynsemi.

Í Japan var fregninni um sigur Johnsons tekið með miklum létti, og Huyato Ikeda forsætisráðherra hét Bandaríkjaforseta heilshugar stuðningi í skeyti sem hann sendi.

Páll páfi segir í kveðju sinni, að hann voni að Johnson muni hafa styrk og viðsýni til að bera í hinu ábyrgðarmikla starfi sínu. Shastri, forsætisráðherra Indlands, kvaðst vona að sigurinn yrði til þess, að gerðar yrðu nýjar tilraunir til eflingar friði og í afvopnunarmálum. Austur-þýzki kommúnistaforinginn Ulbricht sagði í sínu skeyti, að stórsigur Johnsons sýndi einlæga ósk bandarísku þjóðarinnar um að efla friðinn og vinna að friðsamlegri sambúð og minnkun spennunnar í heiminum.

Miklar breytingar vegna kosninganna

New York, 4. nóvember
(NTB-Reuter).

STÓRIR innflytjendahópar, eins og Pólverjar, Írar, Þjóðverjar og Puerto Rico-menn og stórir trúarhópar eins og mótmælendatrúar,

kapólikkar og Gyðingar og kynþáttaminnihlutar, eins og blökkumenn og indíánar, sögðu skilið við allar pólitískar venjur og kusu Lyndon Johnson. Hinir hvítu íbúar suðurríkjanna, sem eru vanafastari en nokkrir aðrir íbúar Bandaríkjanna, sögðu einnig skilið við kosningavenjur sínar, en þeir kusu andstæðing Johnsons, repúblíkanann Barry Goldwater.

Forsetakosningarnar hafa því leitt til róttækra breytinga á kosningavenjum Bandaríkjamanna. — Nákvæmar rannsóknir leiða í ljós, að kosningarnar hafa breytt stjórnmálaástandinu. Enn er óvíst hve varanleg áhrif kosningarnar í ár muni hafa, en margir stjórnmálaserfræðingar telja, að þær hafi hraðað þeirri hægfara þróun, sem orðið hefur vart um nokkurt skeið og stefnir í þá átt, að stóru flokkarnir breytist og fái skýrari sér-einkenni líkt og í Evrópu.

Þessa verður fyrst vart í Repúblíkanaflokknum, en ósigur Goldwaters-armsins mun sennilega leiða til valdabaráttu milli öfgasinnnaðra íhaldsafla, sem tóku völdin í flokknum með tilnefningu Goldwaters, og frjálslyndra afla, sem reyndu að koma í veg fyrir tilnefninguna.

Frjálslyndir repúblíkanar hafa þegar hvatt til endurskipulagningar á flokknum, en Goldwater-sinnar hafa gefið ótvírætt í skyn, að íhaldsarmurinn muni halda fast við aðstöðu sína í flokknum.



ÁSGERÐUR BÚADÓTTIR SÝNIR Í BOGASALNUM

Reykjavík, 4. nóv. - GO Benedikt Gunnarssyni í sýningu í Bogasal Þjóðminjasafnsins á morgun klukkan 2. Hún sýnir þar 18 ofin veggteppi frá árunum 1961-1964. Vefnaður Ásgerðar er að sjálf-sögðu myndvefnaður, en hún notar sér mikið íslensku sauðarlitina í mynstur og grunn en einnig notar hún lítað garn frá Gefjunni.

Ásgerður hefur sýnt áður fyrir 2 árum í vinnustofu sinni að Karfavogi 22 í Reykjavík, þá tók hún þátt í sýningu með

ingasalnum sem var einu sinni á horni Hverfisgötu og Ingólfsstrætis, þar sem afgreiðsla Alþýðublaðsins er nú. Meðal teppanna, sem Ásgerður sýnir eru teppi sem eru ofin með svokölluðum röggvarvefn- aði, en það er íslenska yfir hið útbreidda „ryavefnaður“.

Sem fyrr segir eru teppin 18 að tölu og öll til sölu, nema eitt, sem er í einkaeign.

Sýningin verður opin til 15. nóv. n.k. klukkan 14—22 daglega.

F.Í. býður fjöl- skyldufargjöld

Flugfélag Íslands hefur ákveðið að taka upp sérstök fjölskyldufargjöld á flugleiðum félagsins innanlands, er gildi frá og með 1. nóvember.

Fjölskyldufargjöldin eru þannig, að forsvarsmaður fjölskyldu í ferðinni (eiginmaður eða eigin-kona) greiðir fullt gjald, en aðrir fjölskyldumeðlimir aðeins hálft gjald.

Forsetinn flúinn

VICTOR Estenssoro, forseti Bólivíu, flúði frá höfuðborginni La Paz í dag og herforingjastjórn undir forystu Ovando Candua hershöfðingja tók við völdum í landinu. Candúa hershöfðingi sagði í útvarpsræðu, að forsetinn hefði sagt af sér til að forðast blóðsúthellingar og fallið á að herforingjastjórnin tæki við forsetavaldi.

Fjölskylda telst í þessu tilfelli foreldrar með börn sín að 21 árs aldri.

Skilyrði fyrir fjölskyldugjaldi er, að keyptir séu tvímiðar og notaðir báðar leiðir og að fjölskyldan hefji ferðina saman. Miðarnir gilda í 14 daga frá því ferð er hafin, en hamli veikindi ferð til baka, framlengist gildistíminn. — Einnig sé ferð sem viðkomandi hefur ætlað með til baka fullbókuð, þá framlengist gildistíminn til næstu áætlunarferðar.

Fjölskyldufargjöldin gilda á öllum flugleiðum Flugfélags Íslands innanlands.

Sem dæmi um hve miklu afslátturinn nemur, má taka fjögurra manna fjölskyldu sem ferðast frá Akureyri til Reykjavíkur og aftur til baka. Samkvæmt hinum nýju fjölskyldufargjöldum kostar ferðin aðeins kr. 3.395,00 í stað kr. 5.432,00 áður.

Chou En-lai til Moskvu

PEKING OG MOSKVU, 4. nóv.
(NTB-Reuter).

Forsætisráðherra Kína, Chou En-lai, verður formaður kínverskrar sendinefndar sem verður við hátiðahöldin í sambandi við byltingarafmælið í Moskvu 7. nóv., að því er opinberlega var tilkynnt í Peking í dag.

Öll kommúnistaríki að Albaníu undanskilinni og kommúnistaflokkar margra landa munu senda nefndir flokksleiðtoga til Moskvu á byltingarafmælinu. Í rauninni táknar þetta, að haldinn verður „toppfundur“ kommúnista í Moskvu aðeins nokkrum vikum eftir brottvikningu Krústjovs.

Í Peking er lítið á hina óvæntu tilkynningu um Moskvuferð Chou En-lais sem greinilegustu vísbendingu þess hingað til að nokkuð hafi dregið úr ágreiningi Rússa og Kínverja. Því hefur verið veitt eftirtekt, að hinar hörðu árásir á sovétka leiðtoga hættu skömmu eftir brottvikningu Krústjovs. Í dag var skýrt frá því, að Rússar hefðu hætt að trufla útvarpsSENDINGAR Kínverja á rússnesku.

Kínverjar hafa enn ekkert sagt opinberlega um mannaskiptin í sovétka valdaforystunni, en undanfarna daga hafa blöð í Peking birt ummæli erlendra kommúnista

Framhald á 5. síðu.